



Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt sjötta fund sinn 4. nóvember í Víkurskóla.

Á þessum fundi var niðurstöðum frá síðasta fundi raðað í endanlega forgangs röð inn í verk- og tímaáætlun. Einnig var ábyrgðarmaður settur á hvert verkefni. Verk- og tímaáætlunin er í lokavinnslu og mun verða sett á netið á næstu dögum.

Áætluninni verður skipt í þrjá hluta:

- verkefni sem nauðsynlegt er að vinna strax, sum eru þegar farin af stað
- verkefni sem þarf að vinna strax eftir áramót og fram á vor og
- verkefni sem verður að vinna fyrir næsta haust.

Dæmi um verkefni sem fara af stað á vorönn er stefnumörkun fyrir nýjan skóla, að þeirri vinnu koma skólastjóri, starfsmenn, foreldrar og nemendur. Sú stefna verður grundvöllur að starfi skólans frá hausti 2012.

Skipurit fyrir nýjan skóla verður unnið í byrjun árs. Í því verður gert ráð fyrir tveimur aðstoðarskólastjórum, einum á hvorri starfsstöð. Á fundinum kom fram að nýráðinn skólastjóri hefur uppi áform um að hafa starfsstöð í báðum skólahúsum.



Samkeppni um nafn á skólann er farin af stað, vefsvæðin voru formlega opnuð í dag 8. nóvember. Hægt er að skila inn tillögum til 22. nóvember. Eftir það mun nafnanefnd funda og velja tillögur sem lagðar verða fyrir skóla- og frístundaráð til endanlegrar ákvörðunar.

Ákveðið var að halda tvo fundi, annarsvegar með starfsmönnum og hins vegar með foreldrum, um verk- og tímaáætlunina.

Fundur með **starfsfólki skólanna verður þriðjudaginn 22. nóvember kl 14:30 í Víkurskóla**

Fundur með **foreldrum beggja skóla verður þriðjudaginn 22. nóvember kl 17:30 í Korpuskóla**

Á þessum fundum verður vinna hópsins ásamt verk- og tímaáætlun kynnt, síðan opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Í stýrihópnum eru skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) Reykjavíkurborgar.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði (Menntasviði) en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir